

Stjórnarfundur STEFs 26. ágúst 2019 Fundargerð – útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs miðvikudaginn 26. ágúst 2019 og hófst hann kl 11:00.

Mættir voru: Þórunn Gréta Sigurðardóttir (formaður), Hjálmar H. Ragnarsson, Jakob Frímann Magnússon, Óttarr Proppé, Páll Ragnar Pálsson, Bragi Valdimar Skúlason og Sigurður Flosason. Að auki sat framkvæmdastjórinn, Guðrún Björk Bjarnadóttir, fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 29. maí 2019 og útdráttur úr fundargerð voru samþykkt án breytinga.
2. Fundargerð fulltrúaráðsfundar frá 1. júní 2019 lögð fram til upplýsingar og var hún samþykkt.
3. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram og rætt.

Undir þessum lið var sérstaklega rætt um það val sem STEF stendur frammi fyrir hvað varðar samstarf um leyfisveitingar yfir landamæri.

Undir þessum lið var einnig sérstaklega rætt um þann möguleika að STEF innheimti gjöld fyrir IHM vegna kapalútsendinga hótela. Áður en ákvörðun um slíkt verður tekin þarf þó að liggja fyrir hvert verðið verður, hver ágóði STEFs verður og hversu mikla vinnu slíkt myndi útheimta.

Þá var upplýst í sambandi við frumvarp um breytingu á skattlagningu höfundaréttargreiðslna að ríkisstjórnin hafi í hyggju að útvíkka tekjustofninn miðað við það frumvarp sem var í undirbúningi á síðasta þingi, á þann hátt að það nái til allra afleiddra höfundatekna, en ekki einungis tekna frá viðurkenndum höfundaréttarsamtökum.

Eftirfarandi skjöl voru einnig lögð fram:

- a. Sameiginleg umsögn um áform um lagasetningu vegna landshöfuðlénsins .is
 - b. Tölvupóstur til stjórnar vegna samnings STEFs við Facebook
4. Laufásvegur 40 – kostnaður við framkvæmdir og yfirfærsla eignarhluta FTT og TÍ.
 - a) Veðbókarvottorð fasteignarinnar lagt fram.
 - b) Afrit kaupsamnings frá 1989 lagt fram.
 - c) Drög að afsöllum lögð fram til undirskriftar.
 5. Starfsmannamál
 - a) Breyting á skipuriti.
- Framkvæmdastjóri kynnti hugmynd um breytingu á skipuriti. Var breytingin samþykkt, enda ljóst að um tilraunaverkefni væri að ræða og forsendan sú að á móti kæmu auknar tekjur.
- b) Framlenging tímabundins ráðningarsamnings tveggja forritara um tvo mánuði.

Tillagan var samþykkt.

6. Erindi Sýnar vegna höfundaréttargjalda.

Lagt var fram minnisblað um málið, auk tölvupósts Þorvarðar Sveinssonar, rekstrarstjóra Sýnar. Tillaga sölu- og markaðsstjóra um málið var samþykkt.

7. Höfundaréttarmál. Upplýsingar um nýlegar gerðir ESB lagðar fram til upplýsingar.

8. Yfirlit yfir leyfisgjöld vegna lifandi flutnings í nokkrum löndum.

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta fundar.

9. Drög að reglum stjórnar um áhættustýringu lagðar fram til kynningar.

Stjórnarmenn eru beðnir að kynna sér drögin á milli stjórnarfunda og koma með athugasemdir ef einhverjar eru. Gert er ráð fyrir að leggja drögin fyrir næsta stjórnarfund til samþykktar.

10. Persónuverndarreglur. Drög að persónuverndarreglum STEFs lagðar fram.

Drögin voru lögð fram til kynningar á síðasta stjórnarfund. Engar athugasemdir komu fram í millitíðinni. Drögin voru því samþykkt óbreytt.

11. Sjálfsmat stjórnar.

Niðurstöður könnunar meðal stjórnarmanna lagðar fram.

12. Önnur mál.

- a) Hjálmar hóf máls á því að stjórn þurfi að halda áfram stefnumótunarvinnu sinni. Skoða þurfi framtíðarstólpa og breytingu á umhverfi, traust og ímynd samtakanna. Rætt er um að fá utanaðkomandi ráðgjafa til að halda utan um vinnuna og voru nokkur nöfn nefnd í því sambandi. Milli funda munu dagsetningar verða skoðaðar og ráðgjafar, auk þess sem stjórnarmenn voru hvattir til að senda inn ábendingar um hvað það væri sem þeir vildu ræða eða skoða í slíkri stefnumótunarvinnu.
- b) Framkvæmdastjóri kom með ósk frá skrifstofunni um að geta sett inn slagorð í nýjan bækling og heimasíðu STEFs. Ekki væri endilega um að ræða slagorð sem ávallt yrði notað í tengslum við heitið STEF, heldur í þessum tilteknu tilvikum og hægt væri síðan að breyta því hvenær sem er síðar. Kynnt var slagorðshugmyndin „Tónlist er mikils virði“. Var þetta samþykkt.

Engin fleiri mál voru fram borin.

Fundi slitið kl. 13:15